

## GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg

### 1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

A) Skráning	kr.	12.565,-
B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald	kr.	21.701,-
C) Bráðabirgðaskráning	kr.	2.919,-

### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	kr.	20.433,-
------------------	-----	----------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	17.258,-
Önnur afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr.	24.367,-
Þriðja afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr.	31.603,-

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.



6. gr.

Gjalddagar skv. 3. gr. eru tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessa.

8. gr.

Verðskrá fyrir dvalar- og geymslukostnað.

A) Verð pr. sólarhring fyrir hund kr. 2.795-

Hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu fyrir dvalar- og geymslukostnaðar.

9. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1563/2020

Selfossi,

Gísli Halldór Halldórsson,  
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar.